

Umsögn Menningar- og safnanefndar um tillögur í skýrslu um úttekt á rekstri menningarmála 2015 og viðauki með drögum nefndarinnar á stefnumörkun til 5 ára.

Umsögn

Umsagnir nefndarinnar eru skáletraðar undir hverri tillögu skýrsluhöfundar ásamt tilvísunum í drög nefndarinnar að stefnumótun þar sem það á við.

Yfirstjórn safna

Lagt er til að stofnað verði starf yfirmanns safna á Akranesi. Jafnframt verði stöður yfirmanna bókasafns, héraðsskjalasafns, ljósmyndasafns og byggðasafns lagðar niður í núverandi mynd. Á hverju safni (bókasafni, héraðsskjalasafni og byggðasafni) verði safnvörður sem beri ábyrgð á viðkomandi safni en heyrir undir yfirmann safna. Ljósmyndasafn verði hluti af héraðsskjalasafni (ljósmyndadeild).

Nefndin styður þessar tillögu og leggur til við bæjarráð að hún komi til framkvæmda. Með þessari breytingu verður til heildarsýn yfir safnamál og það nýtist mannauður og þekking betur milli safna t.d. við skráningu gagna og til að sinna árstíðabundnum verkefnum. Verkefni starfsfólks verða þannig fjölbreyttari og menntun nýtist betur. Viðkomandi yfirmaður þyrfti að hafa góða fagþekkingu á safnamálum almennt. Tryggja verður að faglega sé staðið að málum.

Stefnumörkun

Unnin verði stefnumörkun í málaflokknum til a.m.k. fimm ára. Einnig verði unnin safnastefna fyrir öll söfnin.

Nefndin þarf að vinna drög að þessari stefnumörkun sérstaklega¹. Safnastefnur eru til staðar en vinna þarf að endurskoðun þeirra í samráði við yfirmenn viðkomandi safna og nýjan yfirmann.

Menningarráð

Akraneskaupstaður, sem hluti af „svæðinu sunnan Skarðsheiðar“, hefur fengið hlutfallslega færri umsóknir til Menningarráðs samþykktar en önnur svæði á Vesturlandi. Umsóknir frá svæðinu eru einnig færri en gera mætti ráð fyrir og meðalfjárhæðir þeirra lágar sem bendir til að sótt sé frekar um lítil verkefni. Ótvírætt er hér vannýtt tækifæri fyrir íbúa Akraneskaupstaðar til að sækja styrki til menningarmála.

Nefndin leggur til að Akraneskaupstaður geri átak í að hvetja íbúa, félagasamtök og stofnanir til að sækja um fleiri og stærri styrki. Samhliða þarf að bjóða upp á aðstoð við gerð umsókna ásamt því að kynna betur breytt hlutverk sjóðsins². Einnig má kaupstaðurinn ýta á eftir þjónustu frá SSV hvað þetta varðar.

Opnunartími bókasafns

Lögð er til eftirfarandi breyting á opnunartíma bókasafnsins yfir veturinn:

- Mánudaga til fimmtudaga verði opið kl. 12-19 í stað kl. 10-18.
- Á föstudögum verði opið kl. 12-17 í stað kl. 10-18.
- Opnunartími á laugardögum verði óbreyttur, þ.e. kl. 11-14 yfir vetrartímamann.

¹ Sjá viðauka 1: Drög að stefnumörkun

² Sjá: http://ssv.is/default.asp?sid_id=61521&tre_rod=001|016|&tld=1

Alls stýttist afgreiðslutíminn úr 43 stundum á viku í 36 sem er fækkun um 7 tíma. Opið verði fyrir sérstakar heimsóknir t.d. skóla, á öðrum tímum eftir samkomulagi.

Lenging á opnunartíma til kl. 19 mánudaga-fimmtudaga bætir þjónustu við þá sem sækja safnið að loknum hefðbundnum vinnutíma en á móti er opnunartími stýttur á föstudögum og einnig er ekki opnað fyrr en kl. 12 á virkum dögum.

Opnunartími yfir sumarið verði sá sami á virkum dögum og lagt er til yfir vetrartímann en lokað á laugardögum eins og nú er. Yfir sumarmánuðina fækkar því afgreiðslutímum úr núverandi 40 tímum í 33.

Nefndin er samþykkt þessum tillögum að undanskildum opnunartíma á föstudögum, hann verði 12 – 18. Áfram verði þess þó gætt að skólar hafi greiðan aðgang að safninu. Nefndin leggur til að þessar breytingar taki gildi veturinn 2015-2016.

Tæknivæðing

Lagt er til að keypt verði sjálfsafgreiðsluvél á bókasafnið í þeim tilgangi að einfalda afgreiðslu, en margir geta gengið frá afgreiðslu sjálfir.

Nefndin styður þessa tillögu og leggur til að hún komist til framkvæmda á fjárhagsáætlun 2016.

Ljósmyndasafn verði hluti héraðsskjalasafns

Lagt er til að ljósmyndasafnið verði hluti héraðsskjalasafnsins og falli rekstur ljósmyndasafns undir héraðsskjalasafn.

Nefndin leggur til að kannaður verði möguleiki á því að stofnað verði Héraðsskjala- og ljósmyndasafn Akraness í samræmi við lög og reglugerðir. Einnig má koma á frekara samstarfi milli Byggðasafnsins að Görðum og Héraðskjala- og ljósmyndasafns.

Aðgreina rekstur bókasafns og héraðsskjalasafns

Lagt er til að skipta rekstrarkostnaði á milli bókasafns og héraðsskjalasafns að meðtöldu ljósmyndasafni.

Í dag er allur rekstrarkostnaður þessara safna færður undir bókasafn sem gerir samanburð við önnur bókasöfn erfiðari og kostnaður almenningsbókasafnsins virðist hærri en hann raunverulega er.

Lagt er til að úr þessu verði bætt t.d. með því að héraðsskjalasafnið greiði tiltekið hlutfall af heildarkostnaði við safnið.

Nefndin tekur vel í þessa tillögu og leggur til að reksturinn verði aðgreindr í samráði við hlutaðeigandi aðila.

Samvinna sveitarfélaga um bókasafn

Hvalfjarðarsveit tekur ekki þátt í rekstri bókasafnsins þó íbúar þar nýti safnið þar sem er ekki rekið almenningsbókasafn í sveitarfélaginu. Lagt er til að skoðað verði samstarf við Hvalfjarðarsveit um rekstur safnsins enda er skylda sveitarfélaga að reka almenningsbókasöfn samkv. bókasafnalögum.

Nefndin leggur til að fulltrúi Hvalfjarðarsveitar í nefndinni komi hugmyndinni á framfæri og í framhaldi verði unnið að frekari útfærslu.

Sameining héraðsskjalasafna

Skoðaður verði möguleiki á sameiningu héraðsskjalasafna á Vesturlandi með höfuðstöðvar á Akranesi sem fyrsti kostur og annar kostur verði að safnið verði jafnframt fyrir Borgarbyggð og Hvalfjarðarsveit. Sameining styrkir safnið faglega þó ekki sé endilega gert ráð fyrir því að allt safnið verði undir sama þaki. Mögulegt er að hafa útibú t.d. í Borgarnesi og á Snæfellsnesi.

Nefndin telur að þetta sé ekki tímabært. Kannaður verði frekar möguleiki á samstarfi við Hvalfjarðarsveit hvað þetta varðar.

Opnunartími héraðsskjalasafns

Opnunartími héraðsskjalasafnsins má vera sveigjanlegri og vera t.d. samkvæmt samkomulagi, þ.e. enginn fastur opnunartími.

Nefndinni tekur vel í tillögunu og leggur til að opnunartíma sé breytt samhliða breytingum á opnunartíma bókasafns veturinn 2015-2016.

Veitingasala og safnverslun á byggðasafni

Lagt er til að sveitarfélagið bjóði út veitingasölu á safninu en samningur er nú laus. Safnverslun þarf að styrkja með auknu vöruúrvali og bættri aðstöðu eða hætta rekstri hennar að öðrum kosti.

Nefndin hefur uppi hugmyndir um breytingar á aðstöðu til veitingasölu³ og fól forstöðumanni að auglýsa reksturinn í núverandi mynd til loka árs 2015. Þegar er búið að ganga frá slíku samkomulagi. Nefndin telur að safnið sem slíkt eigi ekki að standa í sölu eða rekstri á safnverslun í óbreyttri mynd heldur sé þetta hugsanlegt sóknarfæri fyrir veitingarekstur annarra aðila á svæðinu. Horfa má til fyrirkomulags á t.d. á Þjóðminjasafninu.

Endurnýjun sýninga á byggðasafni

Sýningar safnsins þarf að endurnýja en gjarnan er miðað við að líftími sýninga sé um 10 ár. Lagt er til að íþróttasafnið verði eftt því það hefur mikla sérstöðu.

Nefndin tekur undir þessa tillögu⁴ og leggur til að Íþróttasafnið verðir tekið til gagn Gerrar endurskoðunar í samráði við t.a.m ÍSÍ. Steinaríkið verði einnig tekið til endurskoðunar og búin verði til sýning sem tekur á jarðfræðilegum þáttum. Nefndin leggur einnig til að fenginn verði sýningarhönnuður til verksins og horft í því samhengi til útlits sýningar í safnahúsinu í Borgarnesi.

Opnunartími byggðasafns

Lagt er til að opnunartími verði óbreyttur að sumri til en safnið loki yfir vetrartímann nema fyrir hópa sem bóka fyrirfram og svo t.d. vegna sérstakra viðburða. Nú er safnið opið 28 tíma á viku yfir vetrartímann. Umtalsverð hagræðing fengist af þessum breytingum.

Nefndin er sammála þessu og leggur til að breyting á opnunartíma komi til framkvæmda haustið 2015.

³ Sjá viðauka 1: Drög að stefnumörkun

⁴ Sjá viðauka 1: Drög að stefnumörkun

Aðgangseyrir á byggðasafnið

Lagt er til að gjaldskrá safnsins verði endurskoðuð. Lagt er til að fullt gjald verði hækkað úr 500 kr. í 1.000 kr. og afsláttargjald eldri borgara/öryrkja/hópa hækkað úr 300 kr. í 600 kr. Þá verði áfram frítt fyrir börn en miðað verði við 18 ára aldur í stað 16 ára eins og nú er.

Nefndin er sammála og leggur til að þessi breyting taki gildi nú þegar.

Upplýsingamiðstöð

Lagt er til að miðstöð upplýsinga til ferðamanna verði á bókasafninu þó upplýsingar til ferðamanna verði aðgengilegar víðar, t.d. á byggðasafni.

Nefndin er opin fyrir hugmyndinni en telur að ákvörðunin liggja hjá bæjarráði.

Starfsmannamál safna

Á öllum söfnum eru nú 9,7 stöðugildi alls sem skiptast þannig:

Bókasafn 4,8 stöðugildi, héraðsskjalasafn 1,0 stöðugildi, ljósmyndasafn 0,4 stöðugildi og byggðasafn 3,5 stöðugildi. Með breytingum á opnunartíma bókasafns, héraðsskjalasafns og byggðasafns væri hægt að hagræða í starfsmannamálum.

Jafnframt er lagt til að skoðuð verði nánari samvinna safnanna í starfsmannamálum. T.d. er meiri rekstur á bókasafni yfir vetrartímann og svo meiri rekstur á byggðasafni yfir sumartímann. Skoðað verði að færa starfsmenn á milli safna eftir þörfum starfseminnar á hverjum tíma.

Með tilkomu sjálfsafgreiðsluvélar og breyttum opnunartíma bókasafnsins telur nefndin svigrúm til hagræðingar. Nefndin telur aftur á móti minna svigrúm til hagræðingar á Byggðasafninu á Görðum nema með breyttu stjórnskipulagi.

Rekstur Tónbergs

Lagt er til að rekstur Tónbergs verði aðgreindur frá tónlistarskólanum í bókhaldi sveitarfélagsins. Einnig þarf að styrkja tekjugrunninn. Ein leið er að leigja rekstur salarins. Önnur leið er að skoða samstarf um menningarviðburði við aðila á höfuðborgarsvæðinu og verði þá salurinn í rekstri sveitarfélagsins.

Nefndin tekur vel í þessar tillögur. Jafnframt hefur nefndin hugmyndir um nýtingu á anddyri Tónbergs sem sýningarsalar í stað Guðnýjarstofu⁵.

Eigin notkun

Notkun á Tónbergi er að miklu leyti vegna viðburða af hálfu stofnana sveitarfélagsins. Mikilvægt er að bókfæra tekjur af notkun Tónbergs vegna eigin notkunar. Einfaldast er að ákveða eitt fast gjald fyrir hverja notkun á vegum stofnana sveitarfélagsins og millifæra með reglubundnum hætti milli stofnana.

Með því sést betur raunveruleg notkun og tónlistarskólinn er ekki að bera kostnað vegna viðburða annarra stofnana.

Nefndin hefur ekki skoðun á þessu.

⁵ Sjá viðauka 1: Drög að stefnumörkun

Bæjarhátíðir að sumri

Á innan við einum mánuði eru þrjár bæjarhátíðir, þ.e. sjómannadagurinn/hátíð hafsins í byrjun júní, Þjóðhátíðardagurinn 17. júní og svo hátíðin „Írskir dagar“ fyrstu helgi í júlí.

Lagt er til að bærinn hætti sjálfur að standa fyrir hátíðinni „Írskir dagar“. Mun æskilegra er að einstaklingar taki frumkvæði í skemmtanahaldi en bærinn geti eigi að síður styrkt hátíðina með ýmsum hætti. Þar má nefna ókeypis aðstöðu þar sem því verður við komið, bjóða aðstoð starfsmanna sveitarfélagsins o.fl. Bærinn gæti beitt sér fyrir því að stofnað verði félag áhugafólks um „Írskar daga“.

Aðalatriði er að hátíðin sé ekki á vegum bæjarins enda er mun erfiðara að sækja styrki til hátíða sem bæjarfélög standa fyrir en ef þær eru haldnar á vegum einstaklinga eða félagasamtaka.

Nefndin leggur til að færa skipulagningu sjómannadagsins til viðeigandi aðila með styrk frá Akraneskaupstað.

Nefndin hyggst fara í gagngerar breytingar á „Írskum dögum“ á komandi árum með það að leiðarljósi að færa skipulagningu og skemmtanahald í hendur einstaklinga og samtaka með stuðningi bæjarins. Sú vinna er þegar farin af stað og endurspeglast vonandi að hluta til í ár.

Bæjarlistamaður og menningarverðlaun

Lagt er til að því fyrirkomulagi verði komið á að annað hvert ár verði valinn bæjarlistamaður Akraness og annað hvert ár veitt almenn menningarverðlaun. Þannig verði ein verðlaun á ári í stað tveggja.

Nefndin er ekki sammála og vill halda núverandi fyrirkomulagi óbreyttu.

Aðrir styrkir

Hætt verði að auglýsa eftir styrkumsóknum tvisvar sinnum á ári heldur verði það einungis gert í tengslum við gerð fjárhagsáætlunar á haustin.

Nefndin telur að núverandi fyrirkomulag henti betur þar sem verkefni eru fjölbreytt sem og árstíðabundin. Engu að síður má endurskoða hvernig umsóknir eru meðhöndlaðar og metnar.

Viðauki 1 - Drög að stefnumörkun

Menningar- og safnamál:


- Endurskipuleggja bæjarhátíðina „Írska daga“
- Færa skipulagningu Sjómannadagsins til viðeigandi aðila með styrk frá Akraneskaupstað.
- Færa myndlistarsal í anddyri Tónbergs vegna fyrirhugaðrar breytingar á Safnaskála.
- Hljómsveitaraðstaða verði tilbúin fyrir áramót 2015/2016.

Byggðasafnið á Görðum:

- Klára bátaskýli sumarið 2015.
- Koma til framkvæmda breytingar á gjaldskrá sumarið 2015.
- Koma til framkvæmda breytingar á opnunartíma haustið 2015.
- Færa geymslurými safnmuna frá núverandi staðsetningu í safnaskála. Leiga rennur út áramótin 2015/2016. Með þessu sparast töluverðir fjármunir.
- Endurskipuleggja rými safnaskála með hliðsjón af breyttri nýtingu:
 - Útbúa aðstöðu til skráningar safnmuna.
 - Útbúa geymslurými fyrir safnmuni.
 - Færa veitingasölu í Fróðá.
 - Útbúa nýja sýningu fyrir íþróttasafn og steinaríki.
- Aðrar áherslur:
 - Gera safnið betur í stakk búið til að taka á móti erlendum ferðamönnum.
 - Merkingar og gerð upplýsingaskilta.
 - Að safnið sé inni á Trip Advisor og öðrum sambærilegum miðlum.
 - Aukið samráð við ferðamálafulltrúa.
 - Áætlun um fjölgun gesta og auknar tekjur.
 - Bæta aðgengi fatlaðra.


Bókasafn Akraness/Héraðsskjala- og ljósmyndasafn:

- Sjálfsafgreiðsluvél keypt á fjárhagsári 2016.
- Bæta mælanlegar upplýsingar um fjölda gesta.
- Fjölbreyttari nýting á húsnæði Bókasafnsins.
- Áætlun um fjölgun greiðandi lánþega.



- BÁTASKÝLI
- GREYNSLA
- KAFFIHÚS - 10%
- ST. RÍKI
- ÍPR. SAFN
- ALM. VÍÐVÁLD
- FRAMKV.
- ÍPR/STEINA/KAFFIHÚS
- ADGengi FATHAFERÐ
- Sjúkni BÁTASÝLI
- Sjúkni BÁTASÝLI
- UNORÐINNA FRIÐ 2019

KAFFIHÚS	GRUNNSKÓLINGAR SAFN	Aukning borgar gesta	Skráning muna
• REGLUGERÐIR		2015 10%	20%
• FÉRA FRH		2016 20%	
		2017	
		2018	
		2019	
		2020	



- GARÐASKÁLI
- ÍTI-SVÆÐIÞ MÓ
- ST. SAENI
- ÍPR. SAFN
- GREYNSLA SAFNHILUTA
- ENDURHUGEA RÚNI • BRUNNUR/GRILLU, (TILSÖGUR/VOTAGÍFNI)
- VANTAR SÍÐRA
- BÁTASÝLI
- KÚTTERRINN
- JARÐVÍSUNDI/LANDMÆLINGR
- HVALD. GÖNG (SPÖLUR)
- JARÐHÆRINGAR
- SAEN SÁLDGÆYER STEIMA (SKÝRSLA)
- GREYNSLA
- VIKKA ÍSI
- EINNA TILGANG
- HANNA SÝNINGU
- EINNA STARFSTINGU